



HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD HÁSKÓLI ÍSLANDS

Meistaravörn Júlíönu Sigurveigar Guðjónsdóttur
Haldin í Eirbergi, stofu C-103, þann 4. október 2005, kl. 14:00

Heiti ritgerðar:

Reynsla dætra af flutningi foreldra sem þjást af heilabilun á hjúkrunarheimili

Útdráttur

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig hjúkrunarheimilisvistun aldraðra einstaklinga, sem þjást af heilabilun, ber að og hvernig náinn ættingi reynir slík umskipti. Um er að ræða túlkandi fyrirbærafræðilega rannsókn þar sem tekin voru tvö u.þ.b. klukkustundarlöng viðtöl við sjö dætur aldraðra foreldra sem nýlega höfðu flutt á sérdeildir fyrir þennan hóp sjúklinga á fimm hjúkrunarheimilum. Fyrri viðtalið fór fram á fyrstu fjórum til sex vikum eftir flutninginn og það síðara innan þriggja mánaða. Úrvinnsla gagna fólst í því að greina og túlka inntak viðtalanna til þess að varpa ljósi á upplifun þátttakenda við þessi umskipti.

Niðurstöður eru settar fram í eftirfarandi fjórum meginþemum sem eru: A) „Að þrauka við að halda hlutum gangandi;“ B) „Að setja foreldri sitt frá sér;“ C) „Að fara úr stað í stað“ og D) „Að foreldri manns búi við svona lítil lífsgæði.“

Fyrsta þemað „Að þrauka við að halda hlutum gangandi“ endurspeglar að aldraðir, sem þjást af heilabilun, séu lengur heima en heilsa og aðstæður leyfa með góðu móti. Það kom fram að dæturnar í þessari rannsókn höfðu reynt allt sem þær gátu til að halda foreldrum sínum heima sem lengst, með því m.a. að fá heimahjúkrun og aðra aðstoð sem til féll. Dæturnar töldu sig góðu vanar þegar þær vísuðu til þjónustu dagdeilda sem starfræktar eru fyrir sjúklinga sem þjást af heilabilun. Þegar dæturnar sáu fram á að geta ekki þraukað lengur við að sinna lasburða foreldrum sínum heima, áttu þær hvergi innangengt á hjúkrunarheimili og vissu ekki hvenær úrlausn fengist.

Annað þemað „Að setja foreldri sitt frá sér“ sýnir að það fylgdi því mikið átak fyrir aðstandendur að þiggja pláss á hjúkrunarheimili og setja foreldra sína frá sér. Þátttakendur töldu sig ekki hafa val um hjúkrunarheimili þegar til kastanna kom. Fyrirvarinn að innlöggn var stuttur, oft einn til tveir dagar. Dætrunum fannst skorta á aðstoð, stuðning og leiðbeiningar frá heilbrigðisstarfsmönnun við þau afdrifaríku tímamót sem flutningur á hjúkrunarheimili er. Sérstaklega hvað varðar upplýsingar um starfsemi hjúkrunarheimila, þá þjónustu sem þau veita og ekki síst undirbúning fyrir flutning. Skipulög aðlögun var ónóg. Í stað þess spyrja menn sig áfram. Það veitti þátttakendum öryggistilfinningu og var léttir þegar foreldrarnir komust inn á hjúkrunarheimili. Eftir flutning upplifðu dæturnar eftirsjá og missi. Þær söknuðu „þess sem var.“

Eins og kemur fram í þriðja þemanu „að fara úr stað í stað“ kom það mjög á óvart hversu mikill þvælingur var á foreldrunum innan hjúkrunarheimilanna og flestar

dæturnar komust að því að þær höfðu litla stjórn á aðstæðum þegar inn var komið. Þvælingurinn og það að vera óheppinn með herbergisfélaga hafði slæm áhrif. Foreldrunum sem leið verst fannst þeir hvergi eiga heima. Það kom fram í viðtölunum að allir foreldrarnir voru í raun í óvissu með endanlegan íverustað á hjúkrunarheimilunum. Í fjórða þemanu „Að foreldri manns búi við svona lítill lífsgæði“ kemur fram að heimilisbragur á deildunum var fremur bágborinn. Deildirnar virkuðu líflausar og óvirkar og stærri deildirnar órólegri en þær minni. Þetta gerði það að verkum að dæturnar litu á deildirnar sem geymslustaði frekar en heimili. Að öllu jöfnu fannst þeim þó grunnþörfum þökkalega sinnt og matarræðið gott. Dætrunum fannst skipta miklu máli að starfsfólk legði metnað sinn í að hugsa um foreldrana og stuðla að því að þeim liði vel, eins og á góðum heimilum. Í því fólst m.a. að þeir væru huggulegir til fara. Mikilvægt var einnig fyrir öryggistilfinningu foreldranna að starfssemin væri í föstum skorðum með góðu eftirliti. Þjálfun og afþreying var mun minni en vonir dætranna stóðu til og alltof lítið var farið út af stofnununum í t.d. göngutúra að þeirra mati.

Niðurstöður þessara rannsóknar sýna að álaginu við flutning og þessi miklu umskipti er veitt lítil athygli. Mikilvægt er að bæta upplýsingar, fræðslu og veita stuðning við þessi þáttaskil. Einnig þarf að huga að því að efla faglegan þátt þjónustunnar á sérdeildum fyrir sjúklinga sem þjást af heilabilun.